



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

10. fundur stjórnar 2024-2025 föstudaginn 20. september 2024

kl. 11.00 - 13.00 haldinn í Gimli 209 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Guðný Björk Eydal, Ólafur Páll Jónsson, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Þóroddur Bjarnason. Á Teams: Eyja Margrét Jóhannu Brynjarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri var á Teams og ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Kjarasamningar. Staðan.
2. Skipan fulltrúa FPR í stjórn Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora.
3. Skipan fulltrúa FPR í bakhóp BHM um virðismat starfa.
4. Framhaldsaðalfundur félagsins.
5. Næsti fundur.
6. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 11.10.

1. Kjarasamningar. Staðan.

Ragna sagði frá samskiptum við Ríkissáttasemjara eftir tölvupóst sem hún sendi til hans 12. september sl. Í kjölfarið sendi samninganefnd félagsins, eftir samþykkt stjórnar í tölvupósti, formlegt bréf til embættis Ríkissáttasemjara þess efnis að kjaradeila FPR og SNR sé vísað til hans. Umræða var um málið og um áherslur félagsins í samskiptum við ríkissáttasemjara. Ákveðið var að Sigrún fái fund með BHM í næstu viku til að fara yfir stöðuna með samninganefnd FPR.

Félagsfólk fékk bréf frá formanni FPR þann 19. september sl. með upplýsingum um stöðuna í kjaramálum þar sem fram kom að stjórn félagsins hefði ákveðið að vísa kjaradeilunni til Ríkissáttasemjara til að reyna að ná betri árangri í yfirstandandi kjaraviðræðum.

2. Skipan fulltrúa FPR í stjórn Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora.

Rætt var um nauðsyn þess að skipa í stjórn Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora en stjórn sjóðsins hefur ekki verið skipuð í mörg ár. Í reglum sjóðsins kemur fram að stjórn sjóðsins skal skipuð þremur einstaklingum til þriggja ára í senn, einum frá FPR, einum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og einum frá samstarfsneti ríkisháskólanna, sem jafnframt er formaður. Samþykkt var að Guðný Björk verði fulltrúi FPR og Zophonías varamaður hennar. Næsta skref er að kalla eftir tilnefningum frá samstarfsneti ríkisháskólanna og fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

3. Skipan fulltrúa FPR í bakhóp BHM um virðismat starfa.

Formaður BHM sendi fyrirspurn til félagsins um áhuga á að tilnefna fulltrúa í bakhóp BHM um virðismat starfa. Málið var tekið fyrir á stjórnarfundum 26. ágúst sl. og kom fram

tillaga um fulltrúa í hópinn og fylgdi Sigrún málinu eftir. Samþykkt var að skipa Gylfa Magnússon prófessor sem fulltrúa félagsins í bakhópinn.

4. Framhaldsaðalfundur félagsins.

Framkvæmdastjóri ræddi tvö mál sem verða tekin fyrir á framhaldsaðalfundi félagsins undir liðnum um önnur mál. Annars vegar er það tillaga sem varðar úthlutunarreglur Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora sem hefur mögulega tekið einhverjum breytingum frá því í maí. Framkvæmdastjóri kannar málið.

Guðný fór kl. 12.10

Hins vegar eru þar reglur um Kjaradeilusjóð sem þarf að afgreiða en samþykkt var að stofna sjóðinn á aðalfundinum í maí. Drög að reglum hafa verið send stjórn með ósk um athugasemdir. Ofangreind gögn verða send félagsfólki á mánudaginn.

Ólafur Páll fór kl.12.20.

5. Næsti fundur.

Næsti fundur verður í næstu viku. Ekki var tekin ákvörðun um hvenær en boðað verður til hans um leið og eitthvað nýtt gerist í kjaramálum.

6. Önnur mál.

Það voru engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12.30.

Fundarritari: LP.